

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. viðauka:

- a) Færsla fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 663 breytist og efni með EB-tilvísunarnúmer 1234-1243 bætast við viðaukann í samræmi við ákvæði fylgiskjals I með reglugerð þessari.
- b) Færsla fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 1182 fellur niður.

2. gr.

Ný efni með EB-tilvísunarnúmer 98-101 bætast við 3. viðauka A, í samræmi við ákvæði fylgiskjals II með reglugerð þessari.

3. gr.

Í 4. viðauka fellur niður litarefnið CI 45425 (CAS-nr. 38577-97-8) .

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. viðauka:

- a) Færslur fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 5 og 43 skulu merktar með (x) í dálki a en í færslum með EB-tilvísunarnúmer 1, 2, 4, 7, 12, 14, 18, 19, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 32, 33, 35, 37, 42 og 47 fellur merkingin (x) í dálki a niður.
- b) Færslur fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 10 og 36 falla niður.
- c) Færslur fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 8 og 56 breytast og í stað færslu fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 1 koma tvær færslur með EB-tilvísunarnúmer 1 og 1a í samræmi við ákvæði fylgiskjals III með reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. gr. A laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi tilskipunum um breytingar á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur:

- a) Tilskipun 2007/1/EB um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur varðandi tæknilega aðlögun á II. viðauka, sem vísað er til í tl.1, XVI. kafla, viðauka II samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2007, þann 29. september 2007.
- b) Tilskipun 2007/17/EB um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur varðandi tæknilega aðlögun á III. og VI. viðauka, sem vísað er til í tl.1, XVI. kafla, viðauka II samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2007, þann 29. september 2007.
- c) Tilskipun 2007/22/EB, um breytingu á tilskipun 76/768/EBE, um snyrtivörur, varðandi tæknilega aðlögun á IV. og VI. viðauka, sem vísað er til í tl.1, XVI. kafla, viðauka II samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2007, þann 7. desember 2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar er markaðssetning snyrtivara sem ekki uppfylla ákvæði 2. gr. og a- og b-liðar 4. gr. heimil til 23. maí 2008 og sala til 23. júní 2008. Markaðssetning snyrtivara sem ekki uppfylla ákvæði c-liðar 4. gr. og 3. gr. er heimil til 18. október 2008 og sala til 18. apríl 2009.

Umhverfissráðuneytinu, 21. apríl 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I.

Í 2. viðauka breytist færsla með EB-tilvísunarnúmerið 663 í samræmi við neðangreinda töflu auk þess sem tíu efni með EB-tilvísunarnúmer 1234-1243 bætast við í stafrófsröð:

Efni	CAS-nr.	EB-tilvísunarnúmer
(2RS,3RS)-3-(2-klórfenýl)-2-(4-flúorfenýl)- [(1H-1,2,4-tríasól-1-ýl)metýl]oxíran; epoxíkonasól	133855-98-8	663
PEG-3,2',2'-dí-p-fenýlendíamín	144644-13-3	1234
6-nítró-o-tólúidín	570-24-1	1235
litarefnið HC Yellow No 11	73388-54-2	1236
litarefnið HC Orange No 3	81612-54-6	1237
litarefnið HC Green No 1	52136-25-1	1238
litarefnið HC Red No 8 og sölt þess	97404-14-3, 13556-29-1	1239
tetrahydró-6-nítrókínoxalín og sölt þess	158006-54-3, 41959-35-7	1240
litarefnið Disperse Red 15, nema sem óhreinindi í Disperse Violet 1	116-85-8	1241
4-amínó-3-flúorfenól	399-95-1	1242
N,N'-díhexadekýl-N,N'-bis(2- hýdroxýetýl)própandíamíðbis-hýdroxýetýlbis- setýlmalónamíð	149591-38-8	1243

Fylgiskjal II.

Eftirfarandi efni með EB-tilvísunarnúmer 98-101 og athugasemdir vegna þeirra bætast við 3. viðauka A.

Efni	CAS-nr.	Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB-tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f	g
<i>Salicylic acid</i> ¹ salísýlsýra	69-72-7	a) hárvörur sem skolað er burt eftir notkun b) aðrar vörur	a) 3,0% b) 2,0%	Óheimilt að nota í vörur fyrir börn yngri en þriggja ára nema í hárfvottalög Heimilt að nota í öðrum tilgangi en að hindra örveruvöxt í vörunni. Tilgangurinn þarf að koma skýrt fram í kynningu vörunnar.	Óheimilt að nota í vörur ætlaðar börnum yngri en þriggja ára ²	98
Ólifræn súlfíð og bisúlfíð ³		a) oxandi hárlitunarefni b) aflíðunarefni c) brúnkukrem fyrir andlit d) aðrar brúnkvörur	a) 0,67% gefið upp sem óbundið SO ₂ b) 6,7% gefið upp sem óbundið SO ₂ c) 0,45% gefið upp sem óbundið SO ₂ d) 0,40% gefið upp sem óbundið SO ₂	Heimilt að nota í öðrum tilgangi en að hindra örveruvöxt í vörunni. Tilgangurinn þarf að koma skýrt fram í kynningu vörunnar		99
<i>Triclocarban</i> triklókarban ⁴	101-20-2	Vörur sem skolað er burt eftir notkun	1,5%	Skilyrði um hreinleika: 3,3,4,4-tetraklórásóbensen < 1ppm 3,3,4,4-tetraklórásoxýbensen <1 ppm		100
<i>Zinc pyri-thione</i> Sinkþýriþíon ⁵	1346-41-7	Hárvörur sem ekki er skolað burt eftir notkun	0,1%	Heimilt að nota í öðrum tilgangi en að hindra örveruvöxt í vörunni. Tilgangurinn þarf að koma skýrt fram í kynningu vörunnar		101

¹ Sem rotvarnarefni, sjá viðauka 5, EB-tilvísunarnúmer 3.

² Á eingöngu við um vörur sem ætla má að notaðar yrðu fyrir börn yngri en þriggja ára og sem höfð eru á húðinni í lengri tíma.

³ Sem rotvarnarefni, sjá viðauka 5, EB-tilvísunarnúmer 9.

⁴ Sem rotvarnarefni, sjá viðauka 5, EB-tilvísunarnúmer 23.

⁵ Sem rotvarnarefni, sjá viðauka 5, EB-tilvísunarnúmer 8.

Fylgiskjal III.

Eftirfarandi breytingar verða á færslum fyrir efni með EB-tilvísunarnúmer 8 og 56, auk þess sem færsla fyrir efni með EB-tilvísunarnúmeri 1 breytist í tvær færslur, 1 og 1a:

Efni	CAS-nr.	Leyfilegur hámarksstyrkur	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á umbúðir	EB tilvísunarnúmer
a	b	c	d	e	f
bensósýra og natriumsölt hennar	65-85-0 532-32-1	a) 2,5% í vörum sem skolað er burt eftir notkun að munnhirðuvörum undanskildum (sýra) b) 1,7% í munnhirðuvörum (sýra) c) 0,5% í vörum sem ekki er skolað burt eftir notkun (sýra)			1
bensósýrusölt önnur en þau sem þegar eru nefnd		0,5% (sýra)			1a
<i>Zinc pyrithione</i> sinkpýríþíon	13463-41-7	a) 1,0% í hárvörum b) 0,5% í öðrum vörum	Eingöngu vörur sem skolað er burt eftir notkun. Notist ekki í munnhirðuvörum		8
<i>Iodopropynyl-butylcarbamate (IPBC)</i> 3-joð-2-própýnýlbútýl-karbamat	55406-53-6	a) 0,02% í vörum sem skolað er burt eftir notkun b) 0,01% í vörum sem ekki er skolað burt eftir notkun nema í svitalyktareyðum þar sem hámarksstyrkur er 0,0075%	Óheimilt að nota í vörum til munnhirðu og vörur sem ætlaðar eru á varir a) Má ekki nota í vörum fyrir börn yngri en þriggja ára nema í baðvörum/hárfvottalög og vörur fyrir steypibað b) Má ekki nota í húðmjólk og húðkrem ⁶ og ekki í vörum fyrir börn yngri en þriggja ára	a) Má ekki nota í vörum fyrir börn yngri en þriggja ára ⁷ b) Má ekki nota í vörum fyrir börn yngri en þriggja ára ⁸	56

⁶ Á við um vörur sem bornar eru á stóran hluta líkamans.

⁷ Á einvörðungu við um aðrar vörur en baðvörur/sturtusápu og hárfvottalög, sem hugsast getur að yrðu notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára.

⁸ Á einvörðungu við um vörur sem hugsast getur að yrðu notaðar fyrir börn yngri en þriggja ára.